

383. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtuudaginn 5. september 2024 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

**Mætt:**

Björn H Hilmarsson  
Júníana Björg Óttarsdóttir  
Auður Kjartansdóttir  
Jón Bjarki Jónatansson  
Michael Gluszuk  
Margrét Sif Sævarsdóttir  
Friða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:**


- 1) **Fundargerðir 350., 351. og 352. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 20. júní, 3. júlí og 14. ágúst 2024.**  
Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.
- 2) **Fundargerð 185. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 23. ágúst 2024.**  
Athugasemd var gerð við lið 3, en umsóknin hefur verið dregin til baka.  
Bæjarstjórn samþykkti fundargerðina samhljóða að undanskildum lið 3.
- 3) **Fundargerð 18. fundar öldungaráðs, dags. 19. ágúst 2024.**  
Bæjarstjóri sagði frá því að hann hefur rætt við Ingveldi hjá Félags- og skólalátnustunni og mun þetta verkefni verða vel kynnt þegar nær dregur. Jafnframt er sjálfsagt mál að kynna betur nýjar sorpkerfið um leið og beðið verður um það.  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 4) **Fundargerð landbúnaðarnefndar, dags. 15. ágúst 2024.**  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 5) **Fundargerðir 23. og 24. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 14. ágúst og 3. september 2024.**  
Lagt fram til kynningar.
- 6) **Punktur frá fundi um markaðs- og upplýsingamál, dags. 21. ágúst 2024.**  
Lagt fram til kynningar.
- 7) **Fundargerð 69. stjórnarfundar Jeratúns ehf., dags. 28. ágúst 2024**  
Lagt fram til kynningar.
- 8) **Fundargerðir stjórnarfunda Sorpurðunar Vesturlands, dags. 29. apríl og 25. júní 2024.**  
Lagt fram til kynningar.
- 9) **Fundargerðir 181. og 182. fundar stjórnar SSV, dags. 6. maí og 19. júní 2024.**  
Lagt fram til kynningar.
- 10) **Fundargerð 464. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 15. ágúst 2024.**  
Lagt fram til kynningar.
- 11) **Gjaldskrá fyrir förgun og móttöku sorps frá fyrirtækjum.**  
Bæjarstjórn samþykkti framlagða gjaldskrá samhljóða.

BHH  
Mr  
Miss  
F.S.  
Fiof

- 12) **Reglur um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga**  
Bæjarstjórn samþykkti framlagðar reglur samhljóða.
- 13) **Bréf frá ÍSÍ, ódags., varðandi samþykktu styrkumsókn.**  
Lagt fram til kynningar.
- 14) **Bréf frá Kvennaathvarfinu, dags. 3. september 2024, varðandi ósk um rekstrarstyrk á árinu 2025.**  
Bæjarstjórn getur því miður ekki orðið við beiðninni að svo stöddu.
- 15) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
- Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslufirlit ársins.
  - Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra og bæjarritara að hefja vinnu við fjárhagsáætlunargerð ársins 2025.
  - Rætt var um heimsóknir bæjarstjórnar á stofnanir bæjarins við undirbúning fjárhagsáætlunar.
  - Bæjarstjóri fór yfir rekstraryfirlit stofnana.
  - Bæjarstjóri fór yfir tekjur sumarsins af salernisgámnum á Arnarstapa.
  - Bæjarstjóri ræddi um gömlu skíðalyftuna á Fróðárheiði. Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra að láta rífa vélageymsluna á Fróðárheiðinni.
  - Bæjarstjóri fór yfir sorpmálin.
  - Bæjarstjóri fór yfir lýsinguna sem verið er að skoða í kringum ERRÓ verkið í Ólafsvík.
  - Bæjarstjóri sagði frá listamönnum sem hafa áhuga á að setja upp listaverk hér í Snæfellsbæ.
  - Bæjarstjóri sagði frá því að búið er að ráða forstöðumann fyrir Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga í stað Sveins Þórs Elinbergssonar sem mun hætta 1. október.
  - Bæjarstjóri sagði frá heimsókn í Fjölbrautaskóla Snæfellinga í tilefni af 20 ára afmæli skólans.
  - Bæjarstjóri sagði frá því að Míla er mætt í bæjarfélagið til að vinna við uppbyggingu ljósleiðara í þéttbýli Snæfellsbæjar. Framkvæmdin er samstarfsverkefni Snæfellsbæjar, Mílu og Fjaraskiptasjóðs.
  - Næsti bæjarstjórnarfundur verður þriðjudaginn 1. október.
  - Júníana sagði frá skipulagi í kringum heimsókn Færeyinganna sem verða hér mánudaginn 9. september – miðvikudagsins 11. september.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:25


  
Björn H Hilmarsson


  
Júníana Björg Óttarsdóttir


  
Michael Gluszek


  
Auður Kjartansdóttir

  
Margrét Sif Sævarsdóttir

  
Jón Bjarki Jónatansson

  
Fríða Sveinsdóttir

  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari